

**18. gr.**

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um komu, brottför og yfirflug erlendra flugfara í millilandaflugi yfir íslenskt yfirráðasvæði, nr. 41 24. apríl 1965, ásamt breytingu á þeirri reglugerð, nr. 36 7. febrúar 1966.

*Samgönguráðuneytið, 4. maí 1972.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

Nr. 108.

5. maí 1972.

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð um Einar Hjörleifsson Kvaran, rithöfund, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 5. maí 1972.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir minningarsjóð um Einar Hjörleifsson Kvaran, rithöfund.**

**1. gr.**

Sjóðurinn heitir: Kvaransminni.

**2. gr.**

Sjóðurinn er stofnaður af Elinborgu Lárusdóttur, skáldkonu, til minningar um Einar H. Kvaran, rithöfund.

**3. gr.**

Stofnfé sjóðsins er kr. 50 000.00 — fimmtíu þúsund krónur —

Sjóðinn skal ávaxta í verðtryggðum ríkisskuldabréfum eða öðrum verðtryggðum eignum eða á reikningi í tryggum bankastofnunum. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða né heldur leggja hann við neina aðra sjóði. Nafni sjóðsins má heldur aldrei breyta.

Við höfuðstól leggjast óskiptar allar gjafir til sjóðsins og tekjur aðrar en vextir sbr. 7. grein.

**4. gr.**

Tilgangur sjóðsins er að styrkja vísindamenn til rannsókna á merkjum dulrænum fyrirbærum, sem gerast kunna hér á landi, svo og til að kanna störf íslenskra miðla og leiðbeina þeim.

**5. gr.**

Umsjón og varzla sjóðsins er falin þriggja manna stjórn. Skal hún þannig skipuð, að stjórn Sálarrannsóknarfélags Íslands tilnefni einn mann og skal tilnefningin bundin við 3 ár, en niðjar Elinborgar Lárusdóttur og Einars H. Kvaran tilnefna einn mann hvorir. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum árlega.

## 6. gr.

Stjórnin ákveður styrkveitingar úr sjóðnum. Leita skal umsagnar stjórnar Sálarrannsóknarfélags Íslands um styrkveitingu hverju sinni, enda geri styrkbeiðandi grein fyrir áformum sínum og skili greinargeð að lokinni rannsókn, hljóti hann styrkinn.

## 7. gr.

Úr sjóðnum má veita árlega og þá allt að  $\frac{4}{5}$  hlutum vaxta sjóðsins næsta ár á undan, en  $\frac{1}{5}$  hluti leggist ávallt við höfuðstólinn. Eins má safna saman 80% ársvaxta allt að fimm samfelldra ára til úthlutunar á einu ári. Fari úthlutun hins vegar ekki fram í fimm ár eða meira, falla allir ársvextir eldri en fimm ára endanlega til bundins höfuðstóls.

## 8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu árlega endurskoðaðir af endurskoðendum Sálarrannsóknarfélags Íslands og síðan birtir í Stjórnartíðindum.

## 9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 15. febrúar 1972.

Elinborg Lárusdóttir.

## S A M Þ Y K K T

### fyrir Veiðifélag Hofsár.

## 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Hofsár.  
Heimili þess og varnarþing er Geithellnahreppur, Suður-Múlasýslu.

## 2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Hofsá í Álftafirði, en þær eru Flugustaðir, Hof, Markúsarsel, Tunguhlíð og Stórhóll.

## 3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður hverju sinni.

Félagið nær til allrar veiði á félagssvæðinu.

## 4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.